

FISKIVEIÐASAMÞYKKT

fyrir

svæðið frá Öndverðarnesi að Búlandi í Snæfellsnessýslu.

80

7. sept.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir svæðið frá Öndverðarnesi að Búlandi í Snæfellsnessýslu, og nær til allra báta undir 30 smálestum, er fiskveiðar stunda á þessu svæði.

2. gr.

Allir bátar, sem fiskiveiðar stunda á samþykktarsvæðinu, er skyldir til að hafa veiðarfæri sín greinilega merkt. Skal hver hreppur á samþykktarsvæðinu hafa sérmerki. Skal þess vandlega gætt, að engin sérmerki báta séu svo lík, að ekki sé auðvelt að greina í milli.

3. gr.

Hreppsnefndir hreppa á samþykktarsvæðinu kjósa árlega einn eða fleiri menn, er eftirlit hafa með því, að hlýtt sé ákvæðum 2. gr. Skulu þeir ákveða, hvar og hvernig merkja skal veiðarfæri hvers báts. Jafnframt skulu þeir halda nákvæma skrá yfir öll lóðamerki báta í hreppnum, og senda afrit af þeirri skrá í alla hreppa á samþykktarsvæðinu.

Oddviti sýslunefndar ákveður hverjum hreppi sitt sérmerki.

4. gr.

Endadufli á lóðatrossum skulu útbúin með stöng, sem stendur uppi í straumlausu, og flagg á úr stinnu efni, svo að það standi jafnan út frá skafti dufilsins (lóðabelgsins).

Að næturþeli skulu menn skyldir til að hafa ljósker á grunnendadufli. Skulu ljóskerin svo örugg, sem kostur er.

Ljósker þurfa ekki að vera á þeim grunnendaduflum, sem báturinn liggur sjálfur við, en ljósker hans skal þá vera í góðu lagi.

5. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 25 til 500 krónum, er renna í viðkomandi sveitarsjóð.

6. gr.

Enginn sá, er hreppsnefnd kys samkvæmt 3. gr., getur skorazt undan kosningu. Ber honum eða þeim að kæra brot gegn samþykkt þessari fyrir lög-reglustjóra.

80
7. sept.

7. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál. Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. september 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Pálmason.

81
8. sept.

SAMÞYKKT

um

breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Reykjavík frá 5. janúar 1923.

4. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari, skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta og 2. ágúst kl. 9—11 árdegis, eingöngu til sölu á brauði, kökum, mjólk og rjóma.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. september 1931 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. september 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Pálmason.